

Fréttabréf

FIT



12. ÁRGANGUR // 4. TÖLUBLAÐ // DESEMBER 2015



Rafbíladagar
Nýtt félagsskírteini
Kjarasamningarnir 2015
Lifum vel og lengi
SALEK samkomulagið



Bridge

Eins og fyrri ár munu bridge-menn hittast og spila einu sinni í viku fram til vors. Spilað er í sal félagsanna á sjöttu hæð í Borgartúni 30 og er þátttaka ókeypis. Tímasetningar og mótaskrá verður auglýst nánar á heimasíðu FIT um leið og þær liggja fyrir.

.....



Félagsskírteini og dagbók

Félagsskírteini verða ekki send út að þessu sinni, heldur verða gefin út rafræn auðkenniskort eins og kynnt er annars staðar í blaðinu. Dagbók ársins 2015 er send út með þessu blaði. Dagbókin er með hefðbundnu sniði og nýttist vel til að halda utanum tímaskráningu við vinnu.

Fréttabréf FIT
4. töl. 12 árg. des. 2015

Félag iðn- og tæknigreina
Borgartúni 30 - Sími 535 6000 - www.fit.is
Ábyrgðarmaður: Hilmar Harðarson
Prentun: Stafræna prentsmiðjan ehf.




Veiðikortið



Eins og undanfarin ár eiga félagsmenn kost á að fá Veiðikortið 2016 í jólapakkann. Kortið er óbreytt frá því í fyrra með 35 vötn og veiðisvæði. Það eina sem þarf að gera er að fara inn á heimasíðu FIT, velja miðasölu og kaupa kort. Það er ennþá boðið uppá sama lága verðið, kr. 3.500 og getur hver félagsmaður keypt eitt kort. Almennt verð er 6.900 krónur. Kortið kemur síðan með póstinum og þá er bara að pakka því inn og merkja það.

Gleðileg jól

.....



Afslættir til félagsmanna

Félagsskírteinið veitir afsláttarkjör í mörgum fyrirtækjum gegn framvísun þess. Hægt er að kynna sér alla afsláttarmöguleika með því að fara inn á heimasíðu FIT og velja afslætti. Flest fyrirtæki veita 5 til 15% afslátt og eru félagsmenn hvattir til að beina viðskiptum sínum til þeirra.





Rafbíl dagur Iðunnar

Rafbílar eru nú orðnir það útbreiddir, a.m.k. í þéttbýli suðvestanlands, að sé maður úti í umferðinni má alltaf sjá einn eða fleiri á ferð. Þetta hefur leitt til þess að slíkar bifreiðar þurfa sinn stað í fræðslu fyrir þá sem koma að bifreiðum og umferð.

Í vor sem leið gerðu slökkviliðsstjórnarnir Bjarni Þorsteinsson í Borgarfirð og Jón Gunnlaugsson í Reykjanesbæ fyrirspurn til Bílgreinasambandsins hvort einhverjir gætu staðið að fræðslu fyrir björgunarmenn sem koma að árekstrum þar sem rafbifreiðar eiga í hlut. Erindi þeirra félaga endaði hjá bílgreinasviði Iðunnar og þar var ákveðið að halda fund í apríl með nokkrum aðilum sem koma að rafbílum.

Eitt leiddi af öðru og á haustdögum var ákveðin að halda „Rafbíladag“ þann 25. september. Ákveðið var að leggja áherslu á tæknibúnað rafbifreiða og að þetta væri ekki kynning fyrir almenning. Þannig var viðburðinn aðeins kynntur meðal þeirra sem starfa í bílgreininni.

Dagskráin var tvískipt, annars vegar kynning á rafbifreiðunum í vinnusal Iðunnar þar sem tæknimenn viðkomandi umboða voru tilbúnir að sýna og kynna bifreiðar sínar. Hins vegar voru nokkrir frummælendur í fundarsal sem fóru yfir efni sem snertir orkuskipti úr jarðefnaeldsneyti yfir í raforku. Fyrstar voru þær Ásdís Gíslason frá Orku náttúrunnar og Anna Margrét Kornelíusdóttir frá Grænu orkunni. Sjálfstæðir fyrirlestrar þeirra tengdust þannig að þær gáfu yfirlit yfir stöðu, þróun og hugsanlega framtíð orkubúskapar, ekki bara á Íslandi heldur í heiminum öllum. Þá sagði Ómar Ragnarsson frá ferð sinni frá Akureyri til Reykjavíkur

fyrir í haust á rafknúnu reiðhjóli sem hann sýndi á fyrirlestrinum. Ómar sýndi myndir sem tengjast rafknúnum ökutækjum og umferð ásamt líflegri frásögn eins og honum einum er lagið. Kennslustjóri bíliðna í Borgarholtsskóla Kristján M Gunnarsson lýsti námsframboði skólans um fjölorkufarartæki og rafbíla sérstaklega. Hann fór yfir tæknibúnað rafbíla og þróun í þeim efnum. Verkfræðinemar í HÍ komu með keppnisrafbíl sem þau hafa smíðað, verkefnið nefnist „Team Spark“ og munu þau aka honum í keppni evrópskra nemenda næsta sumar. Þessi bifreið mun vera eina rafbifreiðin sem smíðuð hefur verið hérlandis.

Í lok dagsins sátu tæknimenn umboðanna fyrir svörum um rafbifreiðar sínar og varð úr því rúmlega klukkustundar málþing með fjörugum umræðum og skoðanaskiptum og ekki síst fróðlegum upplýsingum um málefnið.

Ekki var allt búið enn því daginn eftir laugardaginn 26. september var slökkviliðum landsins, sem því gátu við komið, boðið að koma og skoða rafbíla og hitta tæknimennina. Í málstofu voru líflegar umræður þar sem, öfugt við umræðuna daginn áður sem var um tæknina, snérist þær nú um aðkomu björgunarmanna að slysum þar sem rafbílar ættu í hlut. Var gerður góður rómur að þessu framtaki.

Bílgreinasvið Iðunnar stefnir á fjölgun námskeiða um rafbíla og verða væntanlega fjögur námskeið um þetta efni vorið 2016. Að öðru leyti eru nánast þrjátíu námskeið fyrir bílamenn á dagskrá vorannar í námsvísi Iðunnar fræðsluseturs.



NÝTT FÉLAGSSKÍRTEINI

Nú er unnið að gerð nýrra félagsskírteina sem verða rafræn auðkenniskort og eru þau unnin í samstarfi við Íslandskortið. Með tilkomu þessara nýju korta verður útgáfu árlegra félagsskírteina hætt og skírteinið því ætlað til framtíðar. Með útgáfu rafrænna skírteina opnast fyrir ótal möguleika eins og að nýta kortið til auðkenningar og greiðslu á ýmsri þjónustu og verða þeir möguleikar kynntir eftir því sem þeim fjölgar.

Það sem meðal annars verður í boði er eftirfarandi:

AFSLÆTTIR

Áfram verður hægt að nota kortin fyrir afslætti og mun verða aukið verulega við í hópi þeirra fyrirtækja sem nú þegar gefa afslátt. Hægt er að sjá upplýsingar um afslætti á heimasíðu félagsins sem og á heimasíðunni islandskortid.is/afslattur. Afslættir eru uppfærðir reglulega og við hvetjum fólk til að fylgjast með á heimasíðu félagsins.

SJÁLFSAFGREIÐSLA

Hægt verður að nota kortið til greiðslu og afsláttar víðsvegar um landið. Í hópi þeirra staða sem nú þegar eru orðnir virkir má nefna Þingvallapjóðgarð, Vatnajökulspjóðgarð, Gullfoss og fleiri staði. Síðar verður boðið upp á að tengja kortið við rafrænar þjónustur og sjálfsafgreiðslur.

AUÐKENNING

Síðar verður boðið upp á að tengja kortið við rafrænar þjónustur og sjálfsafgreiðslur.

Skírteinin verða gefin út á fyrsta ársfjórðungi 2016. Fram að þeim tíma gilda skírteini ársins 2015 og verður aðgangsnúmerið að orlofsvefnum virkt fram að því.



ÍSLANDS KORTIÐ

islandskortid.is

Óbilgjarn auðhringur

Á árinu 2015 hefur Félag iðn- og tæknigreina gert um þrjátíu kjarasamninga fyrir ýmsa hópa félagsmanna. Þótt ekki sé þeim öllum lokið er þó einn samningur sem hefur algera sérstöðu hvað það varðar því samningaviðræður hafa staðið nánast allt árið. Hér er auðvitað átt við kjarasamninginn við Rio Tinto Alcan í Straumsvík. Þar er komin upp ótrúleg staða, sem miklu máli skiptir að verkalyðshreyfingin takist á við af fullri einurð.

Skömmu áður en boðað verkfall átti að hefjast í álverinu í Straumsvík í upphafi desember eftir um 30 árangurslausa fundi hjá Ríkissáttasemjara var samninganefnd gerð grein fyrir því að enginn vilji væri til að semja um niðurstöðu í deilunni hjá móðurfélagi Ísal, Rio Tinto Alcan. Um leið og verkfall hæfist mundi forræði málsins flytjast til höfuðstöðva Rio Tinto Alcan vestahafs en stjórnendur Ísal hér á landi yrðu þá án samningsumboðs. Vegna þessa ákvað samninganefnd starfsmanna að aflýsa verkfalli þótt kjaradeilan væri óleyst.

Samninganefndin taldi þýðingarlaust að láta verkfall hefjast þar sem verkfallið mundi ekki auka líkur á að deilan leystist með samningum. Þvert á móti gæti Rio Tinto Alcan notað verkfallið sem tylliástæðu til standa við hótanir um að hætta starfsemi í Straumsvík og varpa sökinni á kröfur starfsfólks. Þó krafðist starfsfólkið þess eingöngu að fá þær launahækkanir sem samið hefur verið um á almennum markaði án þess að þurfa að afsala sér almennum réttindum íslenskra launþega.

ÞRIÐJA HEIMS VINNUMARKAÐSUMHVERFI

Óvíst er hvernig deilan í Straumsvík á eftir að þróast en segja má að það hafi orðið ákveðin tímamót vegna tilrauna þessa fjölþjóðlega auðhrings, Rio Tinto Alcan, til að brjóta niður þær grundvallarreglur sem gilt hafa á íslenskum vinnumarkaði um ráðningarsamband launafólks og atvinnurekenda. Upphrópanir forsvarsmanna Rio Tinto Alcan og SA um að þeir, einir fyrirtækja á Íslandi, þurfi að búa við það óréttlæti að geta ekki ráðið inn verktaka er vísað til föðurhúsanna. Í fyrsta lagi eru verktakafyrirtæki í álverinu sem hafa starfað þar í áratugi og álverið sjálft ákveðið nánast einhliða hvað þeim er greitt fyrir vinnuna. Í annan stað hefur álverið fengið að ráða inn verktaka þegar á hefur þurft að halda



vegna afleysinga eða veikinda. Það er ekki bara krafa þessa auðhrings (með SA í fararbroddi) að nánast ótakmörkuð verktakastarfssemi verði heimiluð á svæðinu, heldur er það líka krafa að ekki megi semja við verktaka um að greidd verði hærri laun en lámarkslaun á markaði. Endurgjaldið sem boðið er fyrir tilslakanir er EKKERT, ekki einu sinni bætur fyrir að halda fólki án launahækkana mánuðum saman, engin

endurskoðunarákvæði eða launaskriðstrygging, EKKERT. Verkalyðshreyfingin og allt samfélagið munu áfram berjast fyrir rétti íslensks launafólks gegn alþjóðlegum stórfyrirtækjum sem vilja innleiða þriðja heims vinnumarkaðsumhverfi á Íslandi.

VAXANDI SVÖRT ATVINNUSTARFSEMI

Barátta gegn svartri atvinnustarfsemi er líka liður í því að koma í veg fyrir þriðja heims vinnumarkaðsumhverfi á Íslandi. Félag iðn- og tæknigreina, ásamt Byggið og Rafiðnaðarsambandinu, hafa um árábil haldið uppi eftirliti með vinnumarkaðnum og komið upp um hundruð brota á kjarasamningum og lögum og upplýst um svarta atvinnustarfsemi. Undanfarna mánuði hefur þetta eftirlit verið í samstarfi við Ríkisskattstjóra, Vinnumálastofnun og Vinnueftirlitið og gefið mjög góða raun.

En ástandið hefur farið hríðversnandi undanfarna mánuði. Í hverri viku finnast ný dæmi á vinnustöðum um einstaklinga sem ekki geta framvísað vinnustaðaskilríkjum og hafa ekki íslenska kennitölu. Vaxandi umsvif eru í atvinnulífnum og stærsti hluti þeirra iðnaðarmanna sem fór úr landi eftir hrun er enn við störf erlendis.

Við hvetjum alla félagsmenn til að styðja okkur á virkan hátt í baráttunni gegn svartri atvinnustarfsemi. Þar er um að ræða mikilvægt mál sem snýst um að tryggja heilbriggt atvinnulíf, eðlilega samkeppni og um það að standa vörð um þau réttindi sem launafólk á að njóta samkvæmt lögum og kjarasamningum.

Ég óska öllum félagsmönnum í Félagi iðn- og tæknigreina og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsæls komandi árs og þakka fyrir samstarfið á árinu.

Með félagskveðju
Hilmar Harðarson

Kjarasamningar 2015

Ekki er laust við að sviptivindar hafi blásið um vinnumarkaðinn þetta árið. Verkfallsboðanir, verkfallsafboðanir, verkföll, gerðardómur, félagsdómur og kjarasamningar er allt búið að vera í fréttum frá því í vor. Segja má að Flóabandalagið og VR hafi höggvið á kjarasamningshnútinn og Starfsgreinasambandið kom inn á lokasperttinum. Þessi samningur lagði línurnar í því sem koma skyldi á almenna markaðnum. Iðnaðarmenn sem gert höfðu með sér samstarfssamkomulag, eins og getið var um í síðasta fréttabréfi, urðu að fylgja þeim línunum sem lagðar höfðu verið og gerðu kjarasamning sem hluti félaganna samþykkti en önnur ekki og því má segja að leiðir hafi skilið á lokasperttinum.

Auk aðalkjarasamnings milli Samiðnar og SA voru strax í kjölfarið gerðir samningar á sömu nótum við Meistarafélög innan SA/SI, Samband garðyrkjubænda, Bílgreinasambandið og Félag pípulagningameistara. Síðastnefndi samningurinn var reyndar felldur í byrjun en síðar samþykktur með lítilsháttar breytingum.

Forsendur aðalkjarasamnings við SA voru þessar helstar:

- Að kaupmáttur launa aukist á samningstímanum
 - Að fullar efndir verði á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við samninginn.
 - Launastefnan verði stefnumarkandi
- Forsendunefnd á að meta hvort þessi markmið hafi gengið eftir í febrúar 2016 og 2017.

Kauptaxtar gilda frá 1. maí 2015 og taka á samningstímanum eftirfarandi breytingum:

- 1. maí 2015: kr. 35.000 og með hliðrun rúmlega 40.000 kr.
- 1. maí 2016: 5,5%
- 1. maí 2017: 4,5%
- 1. maí 2018: 3,0%

Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka um:

- 7,2% þann 1. maí 2015,
- 5,5% þann 1. maí 2016,
- 3,0% þann 1. maí 2017 og
- 2,0% 1. maí 2018, nema um annað sé samið í kjarasamningi.

Lágmarkslaun hjá SA voru við undirskrift 277.555 kr. og hækkuðu í 319.366 kr. og í lok samningsins verða þau 362.656 kr.

Lágmarkslaun í samningi við Meistarafélögin voru við undirskrift 293.704 kr, hækkuðu í 335.515 kr. og í lok samningstímans 389.261 kr.

Hjá Félagi Pípulagningameistara voru lágmarkslaun við undirskrift 313.017 kr. hækkuðu í 355.842 og verða í lok samningstímans 404.076 kr.

Lægstu laun í samningi við Bílgreinasambandið voru við undirskrift 291.382 kr. hækkuðu í 335.823 kr. og í lok samningsins verða lægstu laun 381.344 kr.

LAUNPRÓUNARTRYGGING

- Grunnhækkun launa starfsmanns sem hóf störf fyrir 1. febrúar 2014 og er með hærri laun en 300.000 kr. fer stíglækkandi þannig og lækkar í jöfnum skrefum frá 300.000 kr. 7,2% niður í 3,2% hjá starfsmanni með 750.000 kr. í laun.
- Hafi starfsmaður fengið kauphækkun eftir 1. febrúar 2014 dregst hún frá grunnhækkuninni (sjá töflu yfir prósentuhækkunar eftir launum). Þó ekki starfsaldurshækkun né vegna sveinsprófs.

Starfsmenn sem hófu störf frá 1. febrúar 2014 til loka desember 2014 hækka um 3,2%.

Á ÁRINU 2016 HÆKKA LAUN ÞANNIG:

- Þann 1. maí 2016. Launapróunartrygging er 5,5%, að lágmarki kr. 15 þúsund fyrir starfsmann sem hóf störf fyrir 1. maí 2015. Starfsmenn sem hófu störf frá 1. maí 2015 til loka desember 2015 fá 3,2%. Kauptaxtar kjarasamnings taka sömu hækkun.
- Hafi starfsmaður ekki notið lágmarkslaunapróunar skulu laun hækka 1. maí 2016 svo henni sé náð.

FRÁVIK FRÁ LAUNAPRÓUNARTRYGGINGU:

- Starfsaldurshækkunar launa í fastmótuðum launakerfum í fyrirtækja- eða vinnustaðasamningum og launahækkunar vegna sveinsprófs skulu ekki koma til frádráttar við útreikning launapróunartryggingar.
- Frávik vegna gjaldþrots og uppsagna af völdum verkefnaskorts
- Starfsmenn sem hófu störf hjá nýjum vinnuveitanda vegna uppsagna af völdum verkefnaskorts eða í kjölfar gjaldþrots á tímabilinu 1. maí til 31. desember 2014 skulu taka sömu hlutfallshækkun launa og samstarfsmenn í sömu störfum.

ALMENNAR HÆKKANIR

- Launahækkun 1. maí 2017: Launataxtar hækka um 4,5% en almenn hækkun er 3%.
- Launahækkun 1. maí 2018: Launataxtar hækka um 3% en almenn hækkun er 2%.

SKATTALÆKKANIR

Í tengslum við samningsgerðina gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um skattamál. Ljóst er að þessi breyting er jákvæð fyrir millitekjuhópa samfélagsins. Þessi breyting felur meðal annars í sér að skattþrepum verður fækkað úr þremur í tvö í áföngum. Þannig verður skattþrósentan í lægra þrepi lækkuð úr 22,86% í 22,68% 2016 og í 22,50% 2017. Milliprepið verður afnumið í áföngum og að fullu í árslok 2016. Fjárhæðamörk við efsta þrep verða lækkuð í 770.000 kr. við árslok 2015 og verða 700.000 kr. þegar breytingin er að fullu komin til framkvæmda. Þá er því heitið að persónuafsláttur muni hækka til samræmis við verðlagsbreytingar.

AÐRIR SAMNINGAR

Fljótlega var lokið við samningsgerð við Samband garðyrkjubænda en meðan Gerðardómur var að störfum og fyrst eftir úrskurð hans, kom nokkurt hlé á frekari viðræður. Ástæðuna má að mestu rekja til þess að eftir voru opinberir aðilar og hálf opinber fyrirtæki sem þurftu tíma til að „melta“ dóminn. Einnig blandaðist inn í framhaldið svokallað SALEK samkomulag sem aðilar vinnumarkaðarins og ríki

og sveitarfélög gerðu og sagt er frá annarsstaðar í blaðinu.

Nú á haustmánuðum hefur tekist að ljúka samningum við Orkuveituna (nú Veitur ohf.), ríkið, Reykjavíkurborg, Faxaflóahafnir, Landsvirkjun, Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæmis og Strætó. Allir þessir samningar voru gerðir eftir forsendum SALEK samkomulagsins.

YFIRSTANDANDI SAMNINGAVIÐRÆÐUR

Þegar þetta er ritað hefur ekki tekist að ljúka samningum við Samband Íslenskra sveitarfélaga, SA vegna snyrtifræðinga, Félag ráðgjafaverkfræðinga vegna tækniteknara og svo Rio Tinto Alcan í straumsvík.

Breyting á launaútreikningi í byggingagreinum

Í síðustu kjarasamningum var samið um að fella niður heimild um að greiða megi rauða daga út jafn harðan. Þessa heimild var einungis að finna í kjarasamningum um byggingagreinar og fellur brott þann **1. Janúar 2016**.

Þann **1. maí 2016** fellur á sama hátt brott heimildarákvæði í byggingagreinum um að greiða megi orlofs- og desemberuppbót út jafnharðan.

Sendum félagsmönnum,
fjölskyldum þeirra og lands-
mönnum öllum hugheilar
jóla- og nýárskeðjur.

Við Íslendingar lifum vel og lengi

Það hafa átt sér stað miklar samfélagsbreytingar

Þegar íslenska lífeyriskerfið var stofnað í kringum 1970 var meðalaldur karla um 71 ár en er í dag um 80 ár og kvenna 77 en er í dag rúmlega 83 ár. Meðaltal fæddra barna á hverja konu voru á sama tíma 2,8 börn en er í dag 1,9. Þannig hefur ævilengd lengst jafnt og þétt á sama tíma og fæðingum hefur farið fækkandi hér á landi eins og víða í Evrópu. Reyndar er meiri fækkun fæðinga í flestum öðrum Evrópulöndum en á Íslandi en þróunin hér á landi er í sömu átt, konur byrja barnsfæðingar síðar á ævinni og eignast færri börn.

Þessi þróun veldur því að samsetning samfélagsanna breytist og hlutfall þeirra sem eru eldri hækkar stöðugt. Þeir sem eru á vinnumarkaði og greiða skatta af launum sínum fer fækkandi. Samfélögin eiga í vaxandi mæli í erfiðleikum með að tryggja eldra fólki ásættanleg eftirlaun. Hætta á árekstrum milli kynslóða fer vaxandi.

Þessar þjóðfélagsbreytingar kalla á að brugðsit sé við og horft fram í tímann. Það er gleðilegt hvað okkur Íslendingum hefur tekist að bæta lífshæðni á síðustu áratugum sem er ein megin ástæðan fyrir því að við lifum sífellt lengur og getum vænst að svo verði í náninni framtíð. Til að geta notið elliarárna þurfum við að búa við félagslegt og efnahagslegt öryggi. Leiðin að efnahagslegu öryggi lífeyrisþega er að hver kynslóð fjármagni stærstan hluta eftirlauna sinna m.a. með því að greiða iðgjald í lífeyrissjóð og öðlast þannig rétt til lífeyris og séu sem minnst háðar fjármögnun lífeyris af samtímasköttum þeirra sem eru virkir á hverjum tíma á vinnumarkaði.

SKULDBINDINGAR LÍFEYRISJÓÐA AUKAST

Skuldbindingar lífeyrissjóðanna taka mið af væntri ævilengd sjóðsfélaga og iðgjöldin eru miðuð við að veita sjóðsfélögum réttindi í ákveðinn tíma. Fundið er út hver sé líklegur meðalaldur sjóðsfélaganna og eignum deilt út miðað við það. Í því féllst að sumir lifa skemur en aðrir lengur en meðaltalið segir til um.

Ef það gerist að meðalaldur sjóðsfélaga hækkar án þess að á móti komi auknar tekjur verður til skekkja á milli eigna og skuldbindinga lífeyrissjóðsins. Slíkt ástand getur ekki varað lengi því þá myndast ójafnvægi á milli þeirra sem komnir eru á lífeyri og þeirra

sem enn eru á vinnumarkaði og eru að greiða iðgjald til sjóðsins.

Eins og áður greinir hefur ævi Íslendinga verið jafnt og þétt að lengjast síðustu áratugina og ekkert bendir til að sú þróun haldi ekki áfram næstu áratugina.

Við þessari jákvæðu þróun verða lífeyrissjóðirnir að bregðast og tryggja að jafnvægi sé á milli eigna og skuldbindinga.

Það er hægt að gera með ýmsum hætti m.a. hækka iðgjöld, skerða lífeyri eða hækka lífeyristökualdur.

Breytingar á tryggingafræðilegri úttekt.

Félagsmenn Félags íslenskra tryggingafræðinga, hafa það hlutverk að gera tryggingafræðilega úttekt á lífeyrissjóðunum og gefa út reglulega lífaldurstöflur fyrir sjóðina. Nú hefur verið ákveðið að taka upp nýja aðferð við tryggingafræðilegt mat þ.e. að í stað þess að horfa til fortíðar verður notast við spár um ævilengd. Við upptöku nýju aðferðarinnar aukast skuldbindingar sjóðanna verulega eða um 10 til 15% en mismunandi eftir samsetningu sjóðanna.

Ljóst er að sjóðirnir verða að bregðast við þessum breytingum með mótvægisáðgerðum.

LÍFEYRISTÖKUALDUR HÆKKI Í ÁFÖNGUM

Þær tillögur sem nú eru ræddar gera ráð fyrir að lífeyristökualdurinn verði hækkaður í áföngum á næstu 24 árum og verði í lok tímabilsins 70 ár. Gangi tillögurnar fram mun lífeyrisaldur hækka um tvo mánuði á ári næstu 12 árin en síðan einn mánuði næstu 12 árin þar á eftir.

Við þessa breytingu er leitast við að tryggja að lífeyrisþegar framtíðarinnar fái greiddan jafn háan lífeyri í jafn langan tíma fyrir og eftir breytingarnar en greiðslutímabilið færir til. Einnig er lögð áhersla á að jafnsettir einstaklingar komi sem jafnast út úr breytingunni. Gætt er meðalhófs gagnvart þeim sem eru komnir á lífeyri eða eiga skammt í að fara á lífeyri, því þeir eiga fáa möguleika til að bregðast við þessum breytingum.

Unnið er út frá því að breytingarnar taki gildi um áramótin 2016 og 17 og á sama tíma verði gerðar hliðstæðar breytingar á lífeyristökualdri hjá almannatryggingum.

Margar aðrar þjóðir sem við berum okkur saman



við eru í sömu stöðu og Íslendingar og eru að bregðast við með hliðstæðum hætti. Íslendingar hafa mikið forskot á margar aðrar þjóðir vegna mikillar sjóðsöfnunar sem kemur til vegna þess að hér á landi var ákveðið strax í upphafi að byggja lífeyriskerfið á sjóðsöfnun en ekki gegnumstreymissjóðum. Mikil sjóðsöfnun gerir okkur mun auðveldara að bregðast við sífellt hærra hlutfalli eftirlaunaþega. Þær þjóðir sem hafa byggt á gegnumstreymissjóðum þ.e. að fjármagna eftirlaun með samtíma sköttum eru margar hverjar að lenda í erfiðleikum vegna þess að sífellt færri á vinnumarkaði verða að fjármagna eftirlaunin með hækkandi samtímasköttum.

VIÐ VILJUM BYGGJA RÉTTLÁTT SAMFÉLAG

Í heila öld hefur íslensk verklýðshreyfing lagt áherslu á að byggja upp samfélag þar sem allir

eigi sem jöfnust tækifæri. Í sjálfu sér verður slík barátta viðvarandi og hefur engan endapunkt. Einn mikilvægur þáttur í þessari baráttu er lífeyrissjóðakerfið en þar hefur okkur tekist að byggja upp traust lífeyrisréttindi sem standast samanburð við það sem best þekkist. En eins og öll mannanna verk er nauðsynlegt að endurskoða og aðlaga kerfið að samfélagsþróuninni á hverju tíma, allt er breytingum háð. Þær breytingar sem nú er verið að ræða á íslenska lífeyriskerfinu er nauðsynleg aðlögun að samfélagsþróuninni. Þær endurspeglar jafnframt þann mikla árangur sem náðst hefur í að byggja upp gott samfélag með góðum lífkjörum. Gott er að hafa í huga að bætt lífskjör eru ekki síst tilkomin vegna baráttu verklýðshreyfingarinnar fyrir betra samfélagi og bættum lífskjörum.

Desemberuppbót 2015

Starfsmenn sem verið hafa samfelld í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi 1. desember eiga rétt á desemberuppbót.

Desemberuppbót, að meðtöldu orlofi, er kr. 78.000 fyrir eftirtalda kjarasamninga:

Samtök atvinnulífsins,
Meistarasamband byggingamanna,
Bílgreinasambandið
Ríkið.

Upphæð desemberuppbótar í eftirtöldum kjarasamningum er:

Reykjavíkurborg kr. 85.600
Strætó kr. 85.600
OR-ON kr. 90.500,-
Landsvirkjun 112.744
Samband íslenskra sveitafélaga (samningavið-

ræður standa yfir þegar þetta er ritað.

Þar sem samningum er ólokið skal greiða desemberuppbót síðasta árs og leiðréttá síðan mismuninn þegar nýr samningur kemst á.

Uppbótin skal greiddast í síðasta lagi 15. desember miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Sá tími sem starfsmaður er í fæðingarorlofi telst sem starfstími við útreikning desemberuppbótar.

Iðnnemar í fullu starfi hjá fyrirtæki fá fulla desemberuppbót, annars hlutfallslega eftir starfsframlagi á árinu

Fullt starf telst vera 45 **unnar vikur** (fyrir utan orlof).

Reikniregla: Upphæð deilt með 45 sinnum unnar vikur

Sjá nánar á heimasíðu FIT: fit.is



Glaðbeittur hópur heldrimanna í kirkjutröpunum í Skálholti

Heldrimannaferð FIT 2015

„Heldri félagsmenn“ í Félagi iðn- og tæknigreina fóru í sína árlegu ferð laugardaginn 26. september. Félagar frá Akranesi og Reykjanesi voru sóttir og síðan farið á tveim rútum frá Borgartúni 30 klukkan 10:00. Ekið var sem leið lá austur fyrir fjall og félagar teknir upp í Hveragerði og á Selfossi. Þátttakendur urðu alls 88 en auk þess voru í ferðinni formaður félagsins Hilmar Harðarson, Rúnar Hreinsson, ljósmyndari og fararstjóri Gunnar Halldór Gunnarsson.

Fyrsti áfangastaður ferðarinnar var að skoða Urriðafoss þar sem fyrirhugað er að reisa virkjun í neðri hluta Þjórsár. Fyrsta altarisganga ferðarinnar fór þar fram á planinu. Síðan var ekið eins og leið lá til Hellu og matur snæddur á Hóтели Stracta. Þar var tekið á móti mönnum með fordrykk og samkvæmt venju var lambalæri framreitt með tilbehör. Eftir kaffi og desert var lagið tekið við undirleik harmonikkuspils Boga Sigurðssonar. Að því loknu var lagt af stað áleiðis til Skálholts. Séra Halldór Reynisson tók á móti hópnum á þessum merka sögustað en á Skálholti

hefur staðið þorp húsa af ýmsum stærðum og gerðum sem mynduðu fyrsta þéttbýli á Íslandi. Halldór bauð hópnum inn í kirkjuna og fræddi hópinn á sögu staðarins auk þess að segja frá sögu Ragnhildar og Daða. Góður rómur var gerður af fræðslu- og sögustundinni en eftir söng skoðuðu menn safnið í kjallara kirkjunnar og göngin auk Þorláksbúðar. Það þótti síðan tilhlífalegt að taka til altaris undir kirkjuveggnum og hópmynd síðan tekin á kirkjutröppunum.

Áfram var haldið og ekið áleiðis til Öndverðarness. Hilmar Harðarson formaður fræddi hópinn á leiðinn um staðinn og sagði frá framkvæmdum félagsins á staðnum þar sem m.a. er verið að byggja 4 orlofshús á vegum félagsins. Tekið var á móti hópnum með glæsilegu kaffihlaðborði á staðnum, sögur sagðar, vísur samdar og sungið með nikku undirspili. Þar var einnig tekið til altaris í síðasta skipti þessarar ferðar.

Heimferðin gekk vel og það voru þreyttir og ánægðir félagsmenn sem komu til síns heima um kvöldið og allir auðvitað harðákveðnir í að mæta í næstu ferð að ári.



SALEK og viðræður um endurnýjun kjarasamninga

HVAÐ ER SALEK?

SALEK (Samstarf um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga) er samstarf heildarsamtaka aðila á íslenskum vinnumarkaði. Aðild að því eiga ASÍ, SA, BSRB, KÍ, BHM, ásamt samninganefndum ríkisins, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga undir stjórn ríkissáttasemjara. SALEK samstarfið má rekja aftur til ársins 2013 þegar hópurinn fór í sérstaka kynnisferð til norðurlandanna til að skoða hvernig staðið væri að kjarasamningsgerð þar og hverju þeir þökkðu þann mikla árangur sem náðst hefur í kaupmáttaraukningu á hinum norðurlöndunum. Tilgangurinn var að færa gerð kjarasamninga á Íslandi í sömu átt með bættum vinnubrögðum og nýrri þekkingu við undirbúning samninganna. Samstarfinu er ætlað að stuðla að og tryggja íslensku launafólki aukinn kaupmátt, sem byggist á líttilli verðbólgu, lágum vöxtum og stöðugu gengi. Um leið verði stuðlað að auknum stöðugleika og friði á vinnumarkaði. Ein ástæða þess að litið er til hinna Norðurlandanna sem fyrirmyndar fyrir Íslendinga er eins og kunnugt er sú að síðustu 15 árin hefur Norðurlöndunum tekist að auka kaupmátt launafólks tvöfalt meira en Íslendingum hefur tekist.

HVAÐA HLUTVERKI GEGNIR SALEK HÓPURINN Í KJARAVIÐRÆÐUM?

Ef vel gengur ætti að takast á næstu 2-3 árum að ljúka vinnu við það að teikna upp nýtt samningslíkan fyrir íslenska vinnumarkaðinn. Þegar og ef slík niðurstaða fæst mun hún ekki öðlast gildi nema hún verði fyrst borin undir allsherjaratkvæðagreiðsla innan allra aðildarfélaga ASÍ. SALEK samkomulagið breytir þó ekki því að samkvæmt vinnulöggjöfinni fara einstök verkalýðsfélög með samningsrétt fyrir sína félagsmenn.

Um hvað snýst rammasamkomulag SALEK hópsins?

Það rammasamkomulag sem SALEK hópurinn kynnti í lok október felur í sér hugmyndir og tillögur um hvaða aðferðafræði þurfi að beita til að ná sameiginlegri niðurstöðu aðila vinnumarkaðarins við endurskoðun kjarasamninga fyrir 1. febrúar. Samkomulagið felur í sér að gefin eru fyrirheit um að öll stéttarfélög og landssambönd innan SALEK fái sambærilegar launahækkanir fram til loka ársins 2018. Það þýðir að þeir að þeir 85.000 félagsmenn aðildarfélaga ASÍ sem taka laun samkvæmt kjarasamningunum frá maí í vor fái sömu launahækkanir og aðrir hópar hafa náð fram eftir að almennu kjarasamningarnir voru gerðir. Einnig að gert verði samkomulag um jöfnun lífeyrisréttinda á almennum vinnumarkaði við þau réttindi sem opinberir starfsmenn njóta. Einstök verkalýðsfélög og landssambönd ráða því hins vegar, hvert fyrir sig, hvort þau velja að leggja þetta rammasamkomulag SALEK hópsins til grundvallar við gerð eigin kjarasamninga eða ekki.

HVERT ER FRAMHALDIÐ?

Það er ljóst að án niðurstöðu SALEK hópsins hefði fullkomin óvissa ríkt um endurnýjun kjarasamninga og framhald mála á vinnumarkaði eftir 1. febrúar 2016. Verulegar líkur eru á að samningum hefði verið sagt upp vegna þeirra launahækkana sem ýmis hópar hafa samið um frá því að samningarnir í maí sl. voru gerðir.

Enn eru hins vegar ýmis atriði óljós sem standa í vegi fyrir því að nýr samningur verði gerður sem taki gildi frá 1. febrúar. Þar skiptir mestu að skýr afstaða ríkisstjórnarinnar og meirihluta Alþingis liggur ekki fyrir. Segja má að boltinn sé nú hjá ríkisvaldinu og þess sé beðið að það taki afstöðu til kröfu SA um lækkun tryggingargjalds. Á meðan er málið í mikilli óvissu. Verði aðkoma ríkisvaldsins að málinu jákvæð og leiði hún til þess að samningar takist í framhaldi af því munu munu verkalýðsfélögin þurfa að kjósa um staðfestingu þess samnings.



Myndir teknar á fundum í Reykjavík og Reykjanesbæ

Félags og faggreinafundir

Dagana 23. til 26. nóvember sl. boðaði FIT til félags- og faggreinafunda á 5 stöðum á landinu. Fundir voru boðaðir í Reykjavík, Reykjanesbæ, Akranesi, Selfossi og Vestmannaeyjum en vegna veðurs varð að fresta þeim fundi.

Dagskráin var sú sama á öllum fundunum, þ.e. staðan í kjaramálum, lífeyrissjóðsmál og svo önnur mál.

Fjörugar umræður urðu á fundunum og höfðu menn

margar spurningar sérstaklega um SALEK samkomu- lagid og svo lífeyrismálin. Formaður FIT hafði framsögu á öllum fundunum um kjarasamningana. Í Reykjanesbæ hafði Gylfi Jónasson framkvæmdastjóri Festu lífeyris- sjóðs framsögu um lífeyrismál en á hinum fundunum hafði Þorbjörn Guðmundsson stjórnarformaður Sam- einaða lífeyrissjóðsins framsögu. Grein hans um lífeyr-ismálin má lesa annarsstaðar hér í blaðinu.



Afhending sveinsbréfa

Föstudaginn 18. september fór fram afhending á sveinsbréfum á Hotel Natura. Alls voru til afhendingar 112 sveinsbréf í tólf greinum, 23 í bifvélavirkjun, 5 í bílamálun, 3 í bifreiðasmíði, 37 í húsassmíði, 6 í húsgagnasmíði, 11 í pípulögnum, 5 í blikksmíði, 5 í málariðn, 9 í múraraiðn, 3 í renni-

smíði, 1 í veggfóðrun og dúkalögn og 4 í vélvirkjun. Félag iðn- og tæknigreina óskar hópnum til hamingju með sveinsbréfið. Að afhendingu lokinni buðu FIT, Byggiðn og viðkomandi meistarafélög uppá veitingar, sem nýsveinar og gestir gerðu góð skil.



Sveinn í vélvirkjun



Sveinar í bifreiðasmíði



Sveinar í bifvélavirkjun



Sveinar í húsassmíði



Sveinar í bílamálun



*Hildur Elin Vignir, framkvæmdastjóri
lðunnar fræðsluseturs býður gesti
velkomna.*



Sveinar í húsgagnasmíði



Sveinar í pípulögnum



Sveinn í veggfóðrun og dúkalögn



Sveinn í rennismíði



Sveinar í málaraíðn



Sveinar í blikksmíði



Sveinar í múraraíðn



Traust og björt framtíðarsýn

Hlutverk Sameinaða lífeyrissjóðsins er að tryggja fjárhagslegt öryggi sjóðfélaganna, maka þeirra og barna í framtíðinni. Kynntu þér þjónustu okkar á lifeyrir.is.

Við hjálpum þér að búa í haginn fyrir framtíðina.

